

VIÐAUKI V
Viðmiðunargildi fyrir lífsnauðsynlegar og hálfnaúðsynlegar amínósýrur
í brjóstamjólk.

Í þessari tilskipun eru lífsnauðsynlegar og hálfnaúðsynlegar amínósýrur í brjóstamjólk, gefnar upp í mg fyrir hver 100 kJ og 100 kkal, sem hér segir:

	mg/100 kJ ¹⁾	mg/100 kkal
Systín	9	38
Histidín	10	40
Ísóleusín	22	90
Leusín	40	166
Lýsín	27	113
Meþíónín	5	23
Fenýlalanín	20	83
Þreónín	18	77
Tryptófán	8	32
Týrósín	18	76
Valín	21	88

¹⁾ 1 kJ = 0,239 kkal.

VIÐAUKI VI
Viðmiðanir fyrir próteininnihald og -gjafa og vinnslu próteina til framleiðslu
ungbarnablanda sem innihalda minna en 0,56 g/100 kJ (2,25 g/100 kkal)
af próteini og eru framleiddar úr vatnsrofsmyndefnum
mysupróteina úr kúamjólk.

1. Próteininnihald.

Próteininnihald = köfnunarefni x 6,25

Lágmark	Hámark
0,44 g/100 kJ	0,7 g/100 kJ
(1,86 g/100 kkal)	(3 g/100 kkal)

2. Próteingjafi.

Steinefnasneydd, ósýrð mýsuprótein sem eru unnin úr kúamjólk, eftir ensímútfellingu kasíns með notkun hleypis, og samanstanda af:

- a) 63% kasín-glykómakrópeptíðslausu mýsupróteineinangri með próteininnihaldi að lágmarki 95% þurrefnis, minna en 70% eðlisbreytingu próteina (protein denaturation) og öskuinnihaldi að hámarki 3% og
- b) 37% ósýrðu mýsupróteinþykki með próteininnihaldi að lágmarki 87% þurrefnis, minna en 70% eðlisbreytingu próteina og öskuinnihaldi að hámarki 3,5%.

3. Próteinvinnsla.

Tveggja þrepa vatnsrofsvinnsla með notkun trýpsínblöndu með hitameðferðarþrepi (í 3 til 10 mínútur við 80 til 100°C) milli vatnsrofsvinnsluþrepanna tveggja.